

## REGLUGERÐ

### um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á land:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, frá 8. mars 2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES-viðbæti 3. október 2002.
- b) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2357/2001, frá 29. nóvember 2001 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES-viðbæti 3. október 2002.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 257/2002, frá 12. febrúar 2002, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 þar sem sett eru hámarkagildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100 frá 12. júlí 2002 og var birt í EES-viðbæti 31. október 2002.

#### 2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

#### 3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerð þessi er birt með tilvísun til 2. mgr., sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda, með síðri breytingum.

Við birtingu þessarar reglugerðar falla brott eftirtaldir viðaukar við reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum: viðauki 3 að því er varðar blý, dioxín, kadmín, PCB-efni og 3-MCPD; viðauki 4 og viðauki 5. Auk þess fellur niður reglugerð nr. 357/2002 um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstofnunin, 5. febrúar 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*